

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 29. september 2023

Mál nr. E-2271/2021:

**Magnús Eiríkur Eyjólfsson**  
(Þórður Heimir Sveinsson lögmaður)  
**gegn**  
**Arion banka hf.**  
(Kristján B. Thorlacius lögmaður)

## Dómur

- Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 23. apríl 2021 og þingfest 27. apríl sama ár. Stefnandi er Magnús Eiríkur Eyjólfsson, [...], og stefndi er Arion banki, [...].
- Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að endurgreiða honum 7.863.570 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. desember 2020 til greiðsludags auk málskostnaðar.
- Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar.
- Mál þetta var upphaflega dómtekið að lokinni aðalmeðferð 2. febrúar 2022 og kveðinn upp dómur í málinu 16. febrúar 2022. Málinu var áfrýjað til Landsréttar sem þann 19. maí 2023 í máli nr. 131/2022 ómerkti dóm héraðsdóms og vísaði málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar að nýju. Aðalmeðferð málsins fór fram þann 6. september 2023 og var málið dómtekið að henni lokinni.

## I

### Málavextir

- Stefnandi, sem var stjórnarformaður Feris ehf., óskaði eftir 7.000.000 króna fyrirgreiðslu f.h. félagsins, í formi tímabundinnar hækkunar á yfirdráttarheimild í útbúi stefnda í Hveragerði, með tölvuskeyti til útibússtjóra 18. júlí 2014. Þessi tímabundna hækkun átti að greiðast niður á fimm mánuðum. Staða reikningsins þann 23. apríl 2014 var neikvæð um 13.485.571 krónu. Yfirdráttarheimildin á þessum tíma var 14.000.000 króna, sem var tryggð með tryggingarbréfi, útgefnu 13. desember 2013, að fjárhæð 13.000.000 króna, með veði í reikningum og birgðum félagsins og 2.000.000 króna sjálfskuldarábyrgð stefnanda, útgefni 14. ágúst 2013. Umrædd beiðni fól því í sér hækkun á yfirdráttarheimild úr 14.000.000 króna í 21.000.000 króna.

6. Í svari útibússtjóra við beiðninni í tölvuskeyti sama dag spurði hún stefnanda hvort hann væri tilbúinn að afhenda bankanum tryggingarbréf í eigin húsnæði. Tryggingarbréf útgefið af stefnanda þann 21. júlí 2014, að fjárhæð 7.000.000 króna með 3. veðrétti í fasteigninni [...], var afhent til stefnda, til tryggingar öllum skuldum hans við stefnda, þ.m.t. ábyrgðarskuldbindingum. Stefnandi og eiginkona hans voru þinglýstir eigendur að fasteigninni. Tryggingarbréfið var mótttekið til þinglýsingar 21. júlí 2014 og innfært degi síðar.
7. Þann 21. júlí 2014 gaf stefnandi einnig út sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð 7.000.000 króna, til tryggingar skuldum Feris ehf. við bankann, samkvæmt tékkareikningi nr. 314-26- [...]. Ábyrgðaryfirlýsingin var móttekin af útibúi bankans í Hveragerði degi síðar. Yfirdráttarheimildin var hækkuð þann 24. apríl 2014 og er staða reikningsins á þeim degi neikvæð um ríflega 20.500.000 krónur. Gildistími sjálfskuldarábyrgðarinnar er fjögur ár frá útgáfudegi hennar.
8. Þann 27. mars 2015 óskaði Feris ehf. eftir viðbótarheimild að fjárhæð 2.000.000 króna með vísan til fyrirliggjandi trygginga sem voru framangreind tvö tryggingarbréf og sjálfskuldarábyrgð stefnanda. Stefnandi bauð jafnframt fram sjálfskuldarábyrgð fyrir hinu nýja láni. Í handskrifuðum texta er sett skilyrði um að gerður verði viðauki svo tryggingarbréfið í fasteign stefnanda tryggi einnig skuldir Feris ehf.
9. Í tilkynningu, dagsettri 20. apríl 2015, um ábyrgðarskuldbindingar, sem send er til stefnanda, kemur fram að hann sé í sjálfskuldarábyrgð vegna skulda Feris ehf. fyrir 2.000.000 króna vegna reiknings nr. 314-63- [...] og 7.000.000 króna vegna reiknings nr. 314-63- [...]. Feris ehf. er greiðandi á báðum þessum reikningum. Á yfirlitinu kemur fram að með ábyrgðarskuldbindingum sé átt við skuldbindingar þar sem viðkomandi er ábyrgðarmaður eða veðsali. Í yfirlitinu er tekið fram að skráðir netbankanotendur muni framvegis fá yfirlitin send með rafrænum hætti í heimabanka. Yfirlitið miðast við stöðu 31. desember 2014.
10. Þann 14. júlí 2015 var gerð sú breyting á tryggingarbréfinu með sérstökum þinglýstum viðauka að í stað þess að tryggja skuldir stefnanda skyldi tryggingarbréfið framvegis vera til tryggingar skuldum Feris ehf.
11. Í tilkynningu, dagsettri 18. mars 2016, um ábyrgðarskuldbindingar, sem send er stefnanda í bréfpósti, kemur fram að hann sé í sjálfskuldarábyrgð vegna skulda Feris

- ehf. fyrir 2.000.000 króna vegna reiknings nr. 314-63-[...] og 7.000.000 króna vegna reiknings nr. 314-63-[...], eins og í yfirlitinu frá 20. apríl 2015.
12. Tilkynning, dagsett 24. mars 2017, er send í heimabanka og þar er með sama hætti vísað til framangreindra sjálfskuldarábyrgða að fjárhæð 7.000.000 króna og 2.000.000 króna, miðað við 31. desember 2016.
  13. Áramótayfirlit, dagsett 10. apríl 2018, sem sent er í heimabanka, tilgreinir einungis sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð 7.000.000 króna. Eins og áður er vísað í reikningsnúmerið 314-63-[...]. Yfirlitið miðast við stöðu 31. desember 2017.
  14. Á áramótayfirliti, dagsettu 16. apríl 2019, er áfram með sama hætti og fyrr tilgreind sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð 7.000.000 króna og jafnframt tryggingarbréf þar sem ábyrgðarfjárhæðin nemur 6.048.716 krónum vegna Dalseigna ehf., [...]. Yfirlitið miðast við stöðu 31. desember 2018.
  15. Á áramótayfirliti, dagsettu 2. mars 2020, er áfram með sama hætti og fyrr tilgreind sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð 7.000.000 króna og jafnframt tryggingarbréf að fjárhæð 6.048.716 krónur vegna Dalseigna ehf., [...]. Þá hafa bæst við tvær sjálfskuldarábyrgðir að fjárhæð 3.500.000 krónur og 600.000 krónur vegna Cronusar ehf., [...], og tryggingarbréf, þar sem ábyrgðarfjárhæðin nemur 10.111.349 krónum. Yfirlitið miðast við stöðu 31. desember 2019.
  16. Samkvæmt yfirliti, dagsettu 28. apríl 2020 var staða bankareiknings nr. 314-26-[...] í eigu Feris ehf., sem þá hét DF1967 ehf., neikvæð um 23.797.108 krónur, en félagið hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta þann 16. apríl 2020. Greiðslur úr þrotabúinu auk trygginga nægðu ekki til uppgreiðslu á kröfum stefnda.
  17. Þann 23. mars 2020 sendi stefndi tilkynningu til eiginkonu stefnanda sem veðsala á eigninni [...], vegna vanskila á veltureikningi nr. 314-26-[...]. Þann 12. maí 2020 sendi stefndi innheimtubríf til stefnanda vegna sjálfskuldarábyrgðar á reikningi nr. 314-26-[...]og tryggingarbréfs með veði í [...]. Þann 11. nóvember 2020 þingfesti stefndi mál á hendur stefnanda og eiginkonu hans og krafðist þess annars vegar að stefnandi myndi greiða skuld að fjárhæð 7.000.000 króna auk dráttarvaxta, samkvæmt sjálfskuldarábyrgð, og hins vegar að stefnanda og eiginkonu hans væri gert að þola að fjárnám væri gert í fasteign þeirra að [...]. Samkomulag var um að fella málið niður gegn því að stefnandi og eiginkona hans skrifuðu undir tvö ný veðskuldabréf að fjárhæð 68.285.000 krónur og 9.755.000 krónur þann 17. nóvember

2020. Veðskuldabréfin voru undirrituð með fyrirvara um réttmæti sjálfskuldarábyrgðar og dráttarvaxtaútreiknings á tryggingarbréfum.

18. Ágreiningur er um málavexti, en stefnandi heldur því fram að sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingin sem móttækin var af stefnda 22. júlí 2014 hafi verið til að flýta fyrirgreiðslunni á meðan beðið væri eftir afgreiðslu á tryggingarbréfinu úr þinglýsingu og afgreiðslu bankans. Yfirlýsingin hafi átt að gilda í einn mánuð og falla niður um leið og tryggingarbréfið yrði tilbúið. Stefnandi hafi staðið í þeirri trú að ábyrgðin hefði verið felld niður þar til stefndi hóf innheimtu á ábyrgðinni á árinu 2020. Þáverandi útibússtjóri hafi staðfest þennan skilning í símtali, en síðan dregið þau ummæli til baka. Stefndi hafnar þessu og vísar til þess að samkvæmt skráningu bankans á umsókn lánsins hafi þáverandi útibússtjóri skráð að tryggingarbréfinu yrði aflétt þegar 7.000.000 króna aukaheimildin yrði greidd upp. Feris ehf. greiddi hins vegar aldrei niður þessa viðbótarfyrirgreiðslu. Í málinu eru lögð fram tölvuskeyti þar sem sjónarmið aðila vegna þessa ágreinings eru reifuð.
19. Við aðalmeðferð málsins 2. febrúar 2022 gaf stefnandi aðilaskýrslu en auk þess gáfu þau A, fyrrverandi útibússtjóri, og B skýrslu fyrir dóminum. Voru lögmenn stefnanda og stefnda sammála því mati dómara að ekki væri þörf á að endurtaka þær skýrslur á nýjan leik, enda liggja þær fyrir í hljóði og mynd, auk þess sem lögmaður stefnanda lagði fram útprentun úr þeim til hliðsjónar við aðalmeðferð.

## II

### *Málsástæður stefnanda*

20. Stefnandi byggir á því að sjálfskuldarábyrgð hans að fjárhæð 7.000.000 króna hafi átt að falla niður eftir að tryggingarbréf hafi fengið afgreiðslu hjá stefnda í tengslum við viðbótaryfirdrátt að fjárhæð 7.000.000 króna á reikningi nr. 314-26-[...]. Stefnandi vísar til 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga (sml.), um að samningi (sjálfskuldarábyrgð) megi víkja til hliðar í heild, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. sml. skuli við mat á því líta til efnis sammings, stöðu sammingsaðila, atvika við sammingsgerðina og atvika sem síðar komu til. Telur stefnandi það því hafa verið verulega ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu stefnda að bera sjálfskuldarábyrgð hans fyrir sig við uppgjör á milli aðila þann 7. desember 2020 og beri stefnda því að endurgreiða honum þá fjárhæð sem hann greiddi til að gera upp sjálfskuldarábyrgðina.

21. Stefnandi byggir á því að þegar hann óskaði eftir viðbótarheimild hjá stefnda f.h. Feris ehf., þann 18. júlí 2014, hafi starfsmaður stefnda, A, útíbússtjóri í Hveragerði, einungis óskað eftir tryggingu í fasteign stefnanda að [...]. Í engum samskiptum þeirra á milli kemur fram að einhver önnur trygging fyrir viðbótaryfirdrættinum hafi átt að koma til. Í samræmi við það útbjó stefndi tryggingarbréf að fjárhæð 7.000.000 króna, með þriðja veðrétti í fasteigninni eftir nafnverðsskuldum að fjárhæð 32.500.000 krónur. Því hafi verið nægileg trygging í fasteigninni og algjörlega óþarft að krefjast sjálfskuldarábyrgðar fyrir sömu fjárhæð og tryggingarbréfið sem felí í sér tvöfalda tryggingu fyrir viðbótaryfirdrætti, eða 14.000.000 króna fyrir 7.000.000 króna viðbótaryfirdrætti. Ástæðan fyrir sjálfskuldarábyrgðinni hafi verið sú að með því gat stefndi nýtt viðbótaryfirdráttinn strax, á meðan beðið var eftir afgreiðslu tryggingarbréfsins, enda hafi viðbótaryfirdrátturinn verið til reiðu strax 24. júlí 2014, eftir að búið var að undirrita bæði tryggingarbréfið og sjálfskuldarábyrgðina þann 21. júlí 2014.
22. Stefnandi byggir á því að hann hefði aldrei samþykkt að setja persónulega 14.000.000 króna tryggingu fyrir 7.000.000 króna viðbótaryfirdrætti félagsins, enda hefði slíkt tryggingarhlutfall (50%) ekki verið í viðskiptum hans og stefnda áður. Slík krafa hefði auk þess verið verulega ósanngjörn og almennt á skjön við tryggingarhlutfall í viðskiptum, sérstaklega í ljósi þess að einstaklingur var látinn bera alla áhættuna.
23. Stefnandi byggir á því að framangreind trygging í fasteign stefnanda að [...], hafi verið í samræmi við fyrri tryggingar sem félagið Feris ehf. hafði sett og engin ástæða hafi verið til þess að félagið þyrfti að setja helmingi hærri tryggingu en áður fyrir 7.000.000 króna viðbótaryfirdrætti. Stefndi hafi innheimt bæði tryggingu í fasteign stefnanda og 7.000.000 króna sjálfskuldarábyrgðina vegna yfirdráttarskuldar Feris ehf. Engin þörf hafi verið á 14.000.000 króna tryggingu þegar 7.000.000 króna verðtryggð trygging var fullnægjandi. Þetta framferði stefnda sé vægast sagt ósanngjarnt og ekki í samræmi við eðlilega og góða viðskiptahætti.
24. Stefnandi byggir á því að þáverandi útíbússtjóri stefnda, A, hafi upplýst bæði stefnanda og lögmann hans þann 24. apríl 2020 um að sjálfskuldarábyrgð stefnanda hefði átt að falla niður um leið og búið væri að afgreiða tryggingarbréfið inn í bankann. Þessar upplýsingar A hafi svo skyndilega breyst þegar stefndi hafði samband við hana og hafi hún ekki fengist til að votta yfirlýsingu um þetta atriði eins

og krafist hafi verið af hálfu stefnanda. Hafi hún vísað til þess að málið væri komið úr sínum höndum og hún vildi ekki tjá sig um það meir.

25. Stefnandi telur auk þess að í raun hafi verið hér um einu og sömu trygginguna að ræða, eins og stefnandi hafi upplýst í tölvupósti þann 24. apríl 2020, þar sem fram komi að A hafi tjáð honum að ekki hefði mátt lána félagi með svo hárrí sjálfskuldarábyrgð og að sjálfskuldarábyrgðin og tryggingarbréfið í fasteign stefnanda væru eitt og það sama, þ.e. einungis 7.000.000 króna ábyrgð en ekki 14.000.000 króna ábyrgð, sem væri úr öllu samhengi. Stefnandi vísar til þess að þetta fyrirkomulag hefði átt að vera skráð í lánabókum bankans. Í sama tölvupósti komi fram að undirritaður lögmaður hafi mátt hringja í A, sem hann og gerði og hafi hann fengið þetta staðfest.
26. Stefnandi vísar til þess að tryggingar stefnda vegna yfirdráttar Feris ehf., er vörðuðu tryggingu í lager félagsins, hafi engan veginn nægt og því hafi stefndi gripið til þess að notfæra sér þessa aukatryggingu í sjálfskuldarábyrgð sem stefnandi hafi undirritað f.h. Feris ehf., jafnframt því sem bankinn notaði trygginguna í fasteign stefnanda, sbr. viðauka við hana gerðan 14. júlí 2015. Samkvæmt framangreindu telur stefnandi hafið yfir allan vafa að ábyrgðin hafi átt að falla niður og því beri stefnanda að endurgreiða andvirði þeirrar fjárhæðar sem stefnandi greiddi vegna uppgjörs ábyrgðarinnar, 7.863.570 krónur.

### III

#### *Málsástæður stefnda*

27. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að sjálfskuldarábyrgð stefnanda hafi verið í fullu gildi þegar stefnandi greiddi hana upp með 7.863.570 króna greiðslu þann 7. desember 2020. Stefndi vísar til þess að það sé óumdeilt að Feris ehf. skuldaði bankanum rúmar 24.000.000 króna þegar félagið var úrskurðað gjaldþrota 16. apríl 2020. Skuldir félagsins, sem sjálfskuldarábyrgðinni var ætlað að tryggja, hafi verið fallnar í gjalddaga án þess að þær hefðu verið greiddar, sbr. einnig 99. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Stefnda hafi því verið heimilt að ganga að sjálfskuldarábyrgðinni enda komi fram í ábyrgðinni að stefnandi ábyrgist greiðslu skuldar á tékkareikningi Feris ehf. eins og um eigin skuld sé að ræða og að honum sé skylt að greiða skuldina við vanskil ef bankinn krefst þess. Stefnandi eigi því enga endurgreiðslukröfu gagnvart stefnda.

28. Stefndi hafnar því að fyrir hendi hafi verið samkomulag um að fella ætti sjálf-skuldarábyrgðina úr gildi, hvorki þegar tryggingarbréfi nr. 0314-63-[...] hafi verið þinglýst né síðar. Slíkt samkomulag hafi hvorki verið gert munnlega né skriflega milli aðila. Stefndi byggir á því að fullyrðingar stefnanda að þessu leyti séu rangar og ósannaðar. Fyrirliggjandi gögn staðfesti þvert á móti hið gagnstæða. Tryggingarbréfið hafi verið gefið út til tryggingar skuldum stefnanda sjálfs, en ekki til tryggingar skuldum Feris ehf. Stefndi hefði því verið án tryggingar ef sjálfskuldarábyrgðin hefði verið felld niður. Sjálfskuldarábyrgðin hafi verið hugsuð til að tryggja yfirdráttarskuldina, ef til þess kæmi að það reyndi á ábyrgðina. Stefndi hefði þá tryggingarbréf með veði í fasteign stefnanda til tryggingar sjálfskuldarábyrgðinni. Þessar tryggingar hafi því alls ekki verið úr hófi fram, óeðlilegar eða ósanngjarnar miðað við stöðu mála, eins og stefnandi haldi fram. Stefndi hafi ekki farið fram á að gerður yrði viðauki við tryggingarbréf stefnanda, þannig að það tryggði einnig skuldir Feris ehf., fyrr en félagið fór aftur fram á hækkun yfirdráttarheimildar í mars 2015, sbr. fyrri umfjöllun.
29. Stefndi byggir á því að það hefði komið fram í sjálfskuldarábyrgðinni sjálfri ef samið hefði verið um að hún væri tímabundin. Í því formi sem stefndi noti fyrir sjálfskuldarábyrgðir sé sérstaklega gert ráð fyrir að ábyrgð geti verið tímabundin sé samkomulag um það milli aðila. Í kerfum stefnda sjálfs séu einungis skráðar þær upplýsingar að tryggingarbréfinu verði aflétt þegar þessi aukaheimild er greidd upp.
30. Stefndi vísar til þess að ekkert skilyrði laga nr. 7/1936, um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sé uppfyllt, þ.e. hvorki skilyrði 36. gr. né annarra ákvæða laganna. Þá hafi stefnandi ekki sannað að þau skilyrði sem eru forsenda fyrir beitingu 36. gr. séu fyrir hendi í málinu. Það sé ekki ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera sjálfskuldarábyrgðina fyrir sig, sbr. framangreinda málavaxtalýsingu og skuldastöðu Feris ehf. við stefnda.
31. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. sml. megi við mat á því hvort það sé talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera samning fyrir sig, í skilningi 1. mgr. ákvæðisins, m.a. líta til atvika sem síðar hafi komið til. Stefndi hafi ítrekað litið til tryggingarbréfsins og sjálfskuldarábyrgðar stefnanda þegar teknar voru ákvarðanir um frekari lánveitingar til félagsins og framlengingar á yfirdráttarheimild. Þessar heimildir hefðu ekki fengist nema gefin hefði verði út ný sjálfskuldarábyrgð eða ný

trygging lögð fram. Þannig hafi stefnandi fengið samþykka viðbótaryfirdráttarheimild á reikning Feris ehf. að fjárhæð 2.000.000 króna þann 27. mars 2015, m.a. með vísan til sjálfskuldarábyrgðarinnar, eins og fram komi í lánaákvörðun bankans. Þá hafi jafnframt verið gert að skilyrði að gerður yrði viðauki við tryggingarbréfið þannig að það væri einnig til tryggingar skuldum Feris ehf. Þessar breytingar hafi því verið samofnar öðrum viðskiptum og hefðu ekki komið til ef tryggingastaðan hefði verið önnur. Með vísan til þessa telur stefndi ljóst að það sé alls ekki ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að stefndi hafi byggt kröfu gagnvart stefnanda á ábyrgðinni.

32. Stefndi mótmælir því að það að fara fram á 7.000.000 króna sjálfskuldarábyrgð og 7.000.000 króna tryggingarbréf með veði í fasteign stefnanda vegna viðbótaryfirdráttar að fjárhæð 7.000.000 króna styðji að sjálfskuldarábyrgðin hafi einungis átt að vera tímabundin. Aftur er vísað til þess að tryggingarbréfið hafi verið gefið út til tryggingar skuldum stefnanda sjálfs, en ekki til tryggingar skuldum Feris ehf. Ef sjálfskuldarábyrgðin hefði verið felld niður hefði stefndi verið án tryggingar. Að mati stefnda bendi þetta fyrirkomulag til þess að sjálfskuldarábyrgðin hafi verið hugsuð til að tryggja skuldina en ef til þess kæmi að reyna þyrfti á ábyrgðina hefði stefndi tryggingarbréfið með veði í fasteign stefnanda til tryggingar henni. Þær kröfur sem stefndi gerði um tryggingar í viðskiptum aðila í júlí 2014 hafi því alls ekki verið úr hófi fram, óeðlilegar eða ósanngjarnar miðað við stöðu mála, eins og stefnandi haldi fram.
33. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi sýnt af sér verulegt tómlæti og geti því ekki borið fyrir sig að fella eigi sjálfskuldarábyrgðina úr gildi. Stefnandi hafi ekki haft uppi neinar athugasemdir vegna ábyrgðarinnar fyrr en tæp sex ár voru liðin frá því að meint samkomulag um niðurfellingu átti að taka gildi. Á þessum tíma hafi stefnanda reglulega verið sendar tilkynningar af hálfu stefnda um að sjálfskuldarábyrgðin væri fyrir hendi og hafi honum því mátt vera fullkunnugt um hana. Samkvæmt upplýsingum stefnda hafi sjálfskuldarábyrgðin einnig ítrekað verið rædd í samskiptum stefnanda við svæðisstjóra stefnda á Suðurlandi, þegar mál Feris ehf. voru til umræðu þeirra á milli. Stefnandi geti því ekki haldið því fram að honum hafi verið ókunnugt um ábyrgðina þar til á árinu 2020.

34. Stefndi byggir á því að stefnandi geti ekki borið fyrir sig að hann hafi ekki vitað af áramótatilkynningum stefnda þar sem þær hafi einungis verið sendar rafrænt. Stefndi vísar til þess að sérstaklega hafi verið tekið fram í áramótatilkynningum sem sendar voru 2015 og 2016 að framvegis yrðu tilkynningar eingöngu sendar rafrænt. Stefnanda hafi því vel mátt vera kunnugt um að hann gæti nálgast þessar upplýsingar í netbanka sínum hjá stefnda. Í tengslum við þetta bendir stefndi á að því er hvorki mótmælt í stefnu að stefnandi hafi fengið áramótatilkynningarnar né að hann hafi getað nálgast þær í netbanka sínum.
35. Stefndi vísar jafnframt til þess að í tengslum við ofangreint verði að líta til þess að félag stefnanda, Feris ehf., hafi fengið fjöldamargar fyrirgreiðslur og framlengingar á yfirdráttarheimildinni hjá stefnda, m.a. vegna þess að sjálfskuldarábyrgðin var fyrir hendi. Stefnandi hafi því sýnt af sér verulegt tómlæti með því að gera engar athugasemdir við ábyrgðina fyrr en á árinu 2020, eftir að félag hans hafði fengið umræddar fyrirgreiðslur og framlengingar á yfirdrætti.
36. Með hliðsjón af öllu framangreindu telur stefndi að sýkna eigi hann af öllum kröfum stefnanda í málinu og að dæma eigi stefnanda til greiðslu málskostnaðar, stefnda að skaðlausu.

#### IV

##### *Niðurstaða*

37. Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort sjálfskuldarábyrgð stefnanda að fjárhæð 7.000.000 króna hafi átt að falla niður samtímis því að stefndi móttók tryggingarbréf að sömu fjárhæð, útgefið af stefnanda með veði í fasteign hans og maka. Þá er deilt um það hvort gleymst hafi að fella ábyrgðina niður þegar viðauki var gerður við framangreint tryggingarbréf. Loks er ágreiningur um hvort það hafi verið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera sjálfskuldarábyrgðina fyrir sig, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
38. Sjálfskuldarábyrgð stefnanda var til tryggingar viðbótaryfirdrætti á tékkareikningi Feris ehf. nr. 314-26-[...], að hámarki 7.000.000 króna. Umrætt tryggingarbréf var útgefið af stefnanda sjálfum til tryggingar öllum skuldum hans við stefnda, þ.m.t. ábyrgðarskuldbindingum. Með þessari útfærslu var sjálfskuldarábyrgð stefnanda að fjárhæð 7.000.000 króna tryggð með fasteignaveði í umræddu tryggingarbréfi. Á tryggingarbréfið reyndi því aðeins ef Feris ehf. endurgreiddi ekki yfirdráttinn og

stefnandi stæði ekki í skilum með greiðslu á yfirdrættinum með sjálfskuldarábyrgð sinni.

39. Stefndi sætti sig ekki við að fá sjálfskuldarábyrgð til tryggingar viðbótaryfirdrættinum heldur óskaði eftir fasteignatryggingu. Sú leið sem var farin í upphafi tryggði að áhætta stefnanda vegna viðbótaryfirdráttarins gat aldrei orðið meiri en sem nam 7.000.000 króna. Með útgáfu tryggingarbréfsins var sjálfskuldarábyrgðin jafnframt tryggð með fasteignaveði sem var forsenda fyrir viðbótarheimildinni. Stefndi gat ekki gengið að umræddu tryggingarbréfi vegna yfirdráttar Feris ehf. á reikningi 314-26-[...] nema að fyrir hendi væri sjálfskuldarábyrgð stefnanda, enda tryggingarbréfið upphaflega eingöngu útgefið vegna skulda þ.m.t. ábyrðgarskuldbindinga stefnanda. Verður ekki fallist á þau rök stefnanda að þetta fyrirkomulag hafi verið algjörlega óþarft og falið í sér tvöfalda tryggingu fyrir viðbótaryfirdrætti. Niðurstaðan var sú sama hvort heldur tryggingarbréfið hefði verið gefið út af félaginu sjálfu (Feris ehf.) til tryggingar viðbótaryfirdrættinum án sjálfskuldarábyrgðar stefnanda með veði í fasteign hans eða farin sú leið sem hér varð fyrir valinu, að gefa út tryggingarbréf vegna skulda stefnanda og sjálfskuldarábyrgðar stefnanda vegna umrædds yfirdráttar. Raunar var sú leið sem var farin í upphafi hagstæðari fyrir stefnanda þar sem tryggingarbréfið var verðtryggt og ótímabundið en sjálfskuldarábyrgðin bundin við fasta fjárhæð og gildistími hennar fyrir fram ákveðinn. Með óbreyttu fyrirkomulagi var sjálfskuldarábyrgð stefnanda vegna skulda Feris ehf. takmörkuð við 7.000.000 króna hámarksfjárhæð og tók einungis til skulda sem stofnað var til á gildistíma sjálfskuldarábyrgðarinnar. Sá tími takmarkaðist við fjögur ár frá útgáfudegi, svo framalega sem sjálfskuldarábyrgðinni yrði ekki sagt upp fyrir þann tíma. Eins og fyrirkomulagi lánveitingarinnar var háttáð í upphafi var sjálfskuldarábyrgðin nauðsynleg samhliða tryggingabréfinu og engan veginn óþörf eða ósanngjörn, enda samkomulag um að tryggja viðbótaryfirdráttinn með fasteignaveði.
40. Þá verður ekki séð að þær skýringar sem stefnandi gefur á því að sjálfskuldarábyrgðin hafi átt að vera tímabundin og einungis til að tryggja að hægt væri að nýta heimildina strax á meðan beðið væri eftir afgreiðslu tryggingarbréfsins úr þinglýsingu styðjist við gögn málsins. Umrætt tryggingarbréf er móttakið til þinglýsingar 21. júlí 2014 og innfært í veðmálabækur degi síðar. Tryggingarbréfið ber því ekki með sér að þinglýsing þess hafi dregist, heldur hafi þvert á móti verið frágengin tveimur dögum

áður en umrædd yfirdráttarheimild varð virk og einungis einum degi eftir útgáfu sjálfskuldarábyrgðarinnar. Við skýrslutökur fyrir dómi fullyrti þáverandi útibússtjóri að hún hefði ekki greitt út heimildina ef tryggingarbréfið hefði verið óafgreitt.

41. Þá hefði stefnanda verið í lófa lagið að takmarka gildistíma sjálfskuldarábyrgðarinnar enda er beinlínis gert ráð fyrir því í stöðluðu formi hennar að gildistími sé sérstaklega innfærður. Ákvæði sjálfskuldarábyrgðarinnar um gildistíma er ekki einungis feitletrað í hinni stöðluðu yfirlýsingu heldur er sérstakur rammi utan um ákvæðið til áhersluauka. Í ákvæðinu er tekið fram að ef ekki er fyllt út í eyðu fyrir lokadagsetningu á gildistímanum gildi ábyrgðin í fjögur ár. Samkvæmt skilmálum sjálfskuldarábyrgðarinnar gat stefnandi einnig sagt henni upp hvenær sem var á gildistíma hennar.
42. Loks hefur stefnandi ekki sýnt fram á að A, þáverandi útibússtjóri stefnda, hafi staðfest við stefnanda að sjálfskuldarábyrgð hafi átt að falla niður um leið og búið væri að afgreiða tryggingarbréfið inn í bankann. Eins og fram kemur í stefnu hafnaði hún að undirrita yfirlýsingu vegna þess og í skýrslutöku fyrir dómi mótmælti hún því að hafa gefið slík loforð. Jafnframt vísaði hún til skráningar í lánakerfum bankans þar sem bókað er að aflétta eigi tryggingarbréfinu þegar sjálfskuldarábyrgðin er greidd upp.
43. Það er ekki fyrr en með breytingu á tryggingarbréfinu þann 14. júlí 2015, þar sem þinglýstur er sérstakur viðauki um að framvegis skuli tryggingarbréfið einnig vera til tryggingar skuldum Feris ehf., sem áhætta stefnanda eykst. Í stað þess að tryggingarbréfið tryggði skuldir stefnanda samkvæmt sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingunni, sem afmarkaði ábyrgðina með 7.000.000 króna fjárhæð og fjögurra ára hámarks gildistíma frá útgáfunni, var tryggingarbréfið nú til tryggingar öllum skuldum Feris ehf., án þess að sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingin væri felld niður.
44. Málalíbúnað stefnanda má skilja með þeim hætti að einhver mistök hafi átt sér stað í upphafi við útgáfu tryggingarbréfsins sem hafi orðið til þess að sjálfskuldarábyrgð stefnanda var ekki felld niður eins og fastmælum hafi verið bundið. Þessi mistök hafi verið leiðrétt með útgáfu viðaukans en þá hafi einnig gleymst að fella ábyrgðina niður og enginn hafi áttað sig á því fyrr en stefndi setti yfirdráttinn í innheimtu í byrjun árs 2020 og ljóst var að fyrirliggjandi tryggingar dygðu engan veginn til að greiða upp kröfur stefnda á hendur hinu gjaldþrota félagi.

45. Með umræddum viðauka 14. júlí 2015 var tryggingarbréfið ekki einungis til tryggingar skuldbindingum stefnanda heldur einnig til tryggingar skuldbindingum Feris ehf. Stefnandi undirritaði viðaukann bæði persónulega og f.h. félagsins. Stefnandi óskaði hvorki eftir því í kjölfar afgreiðslu tryggingarbréfsins í júlí 2014 né við undirritun viðaukans í júlí 2015 að fá frumrit sjálfskuldarábyrgðarinnar afhent eða skriflega staðfestingu á því að hún væri fallin niður. Aðeins tæpum tveimur mánuðum áður hafði stefnandi fengið sent yfirlit yfir stöðu ábyrgða miðað við 31. desember 2014 þar sem sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð 7.000.000 króna er tilgreind. Stefnandi hafði því sérstaka ástæðu til þess að spyrjast fyrir um þessa sjálfskuldarábyrgð og tryggja niðurfellingu hennar áður en hann undirritaði umræddan viðauka, ef hann leit svo á að gleymst hefði að fella hana niður við afgreiðslu tryggingarbréfsins í júlí 2014.
46. Við skýrslutökur fyrir dómi skýrði vitnið B, svæðisstjóri Arion banka á Suðurlandi, sem handritaði skilyrðið um viðaukann inn á lánaákvörðunina, að talin hefði verið þörf á að bæta tryggingastöðu bankans enda skuldirnar orðnar það háar og virði trygginga í vörubirgðum takmarkað. Fallast verður á það með stefnda að telja verði ólíklegt að tryggingastaðan hafi ekki komið til umræðu í samskiptum stefnanda og stefnda þegar umræddur viðauki var undirritaður og lánaheimildir rýmkaðar. Þau gögn sem liggja fyrir úr skráningarkerfi stefnda gera beinlínis ráð fyrir því að við lánaákvörðun sé fyllt út í reit sem ber yfirskriftina *Núverandi skuldbindingar og tryggingar*, þ.m.t. tengdra aðila, í tengslum við framlengingar eða rýmkanir á lánaheimildum.
47. Ekki verður fallist á að það að ekki hafi verið þinglýst tryggingarbréfi að fjárhæð 14.000.000 króna í stað sjálfskuldarábyrgðar gefi til kynna að sjálfskuldarábyrgðin hafi átt að falla niður þegar tryggingarbréfið væri afgreitt. Útfærsla trygginga er að einhverju leyti háð samkomulagi og samningsfrelsi lánveitanda og lántaka. Sjálfskuldarábyrgð er viðurhlutaminni trygging en útgáfa tryggingarbréfs og notuð samhliða öðrum tryggingum. Ekkert er því til fyrirstöðu að slíkar tryggingar séu nýttar ef ekki næst að innheimta kröfu með öðrum hætti.
48. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður ekki fallist á að það hafi verið ósanngjarnt af hálfu stefnda eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig sjálfskuldarábyrgðina við umrætt skuldauppgjör, enda hafði verið stofnað til þeirra skulda sem féllu undir uppgjörið á gildistíma sjálfskuldarábyrgðarinnar. Uppgjörið

var því í fullu samræmi við skilmála sjálfskuldarábyrgðarinnar. Þá verður hvorki fallist á að þetta fyrirkomulag hafi falið í sér tvöfalda tryggingu í upphafi né verið sett til að nýta heimildina strax eins og áður hefur verið rakið. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á að starfsmenn stefnanda hafi lofað því að ábyrgðin ætti að falla niður við afhendingu þinglýsts tryggingarbréfs.

49. Loks verður ekki fallist á að það hafi verið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að sjálfskuldarábyrgðin hafi ekki verið felld niður þegar gerður var viðauki við umrætt tryggingarbréf 14. júlí 2015, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Viðaukinn var gerður í tengslum við auknar láanafyrirgreiðslur frá stefnanda til Feris ehf. Verður ekki fallist á að það sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að binda aukna lánafyrirgreiðslu við það skilyrði að tryggingastaðan sé endurmetin og styrkt frekar. Stefnanda var í lófa lagið að segja upp sjálfskuldarábyrgðinni ef hann vildi ekki fallast á að hún yrði áfram til tryggingar skuldbindingum félagsins eða hafna breytingum á tryggingarbréfinu. Það hefði væntanlega leitt til þess að ekki hefði komið til þeirra auknu fyrirgreiðslna sem stefnandi var að sækjast eftir. Verður ekki fallist á að efni sammingsins hafi verið ósanngjarnt eða stefndi hafi haft einhverja yfirburðastöðu í viðskiptum sem gengu út á það að stefndi léti í té aukna lánafyrirgreiðslu gegn viðbótartryggingum. Þá verður ekki fallist á að atvik sem síðar komu til breyti einhverju hér um. Þeim viðbótartryggingum sem lagðar voru fram var ætlað að hafa áhrif og höfðu þær áhrif á að frekari lánafyrirgreiðslur fengust. Þrátt fyrir þær tryggingar sem lagðar voru fram tókst stefnanda ekki að endurheimta að fullu þau lán sem veitt voru á grundvelli þeirra.
50. Ákvæði 36. gr. sml. er undantekningarregla sem ber að skýra þröngt. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður ekki fallist á að stefnandi hafi sýnt fram á að það sé ósanngjarnt af hálfu stefnda eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig sjálfskuldarábyrgðina vegna efnis sammings, stöðu sammingsaðila, atvika við sammingsgerðina eða atvika sem síðar komu til.
51. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að stefnandi fékk sendar áramótatilkynningar, upphaflega með bréfpósti en síðan í netbanka, um stöðu sjálfskuldarábyrgða í árslok. Þessi yfirlit ná frá 31. desember 2014 til 31. desember 2019. Á yfirlitunum er tilgreind sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð 7.000.000 króna vegna Feris ehf. Þrátt fyrir að ábyrgðin vísi til reiknings nr. [...] í stað nr. [...] gaf hún stefnanda fullt tilefni til þess að spyrjast fyrir um skýringar á ábyrgðinni ef hann leit svo á að hún væri fallin

niður og hefði í raun einungis átt að gilda í örfáa daga. Röksemdir stefnanda um að hann hafi ekki vitað um sjálfskuldarábyrgðina fyrr en á árinu 2020 eru því haldlausar. Verður að fallast á þau sjónarmið stefnda að með því að mótmæla ekki gildi sjálfskuldarábyrgðarinnar fyrr en sex árum eftir gildistöku hennar hafi stefnandi sýnt af sér slíkt tómlæti sem styðji enn frekar að andmæli hans um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðarinnar verða ekki tekin til greina.

52. Með vísan til framangreinds verður öllum kröfum stefnanda hafnað, en með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Þórður Heimir Sveinsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Kristján B. Thorlacius lögmaður.

Helgi Sigurðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Arion banki hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Eiríks Eyjólfssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Helgi Sigurðsson